

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 1200/2019**  
**um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.**

1. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir fyrirmæli 6. tölul. 1. mgr. 10. gr. reglna þessara skal fjármálafyrirtæki vera heimilt að leggja fram til tryggingar meira en 3 ma. kr. að markaðsvirði af eigin útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Til viðbótar þeim tryggingum sem taldar eru upp í 1. mgr. 10. gr. skulu eftirfarandi tryggingar teljast hæfar í viðskiptum við Seðlabankann:

- a. Peningamarkaðslán ríkissjóðs, enda sé þar um að ræða samning um skammtímalánveitingu fjármálafyrirtækis (lánastofnunar) til ríkissjóðs, sem felur í sér að umsamin fjárhæð er lögð inn á reikning ríkissjóðs á upphafsgjaldlega og sama fjárhæð endurgreidd fjármálafyrirtækinu á lokagjaldlega, að viðbættum vöxtum, sem hvort tveggja er samið um í upphafi.
- b. Veðbréf með veði í viðskiptabréfum, enda sé þar um að ræða veðgering útgefnar af fjármálafyrirtæki (lánastofnun), með sjálfsvörsluveði í skuldabréfum útgefnum af einstaklingum eða lögaðilum sem tryggð eru með veði í fasteignum, til samræmis við 43. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð. Veðbréf með veði í viðskiptabréfum skal vera á stöðluðu sammingsformi sem Seðlabankinn samþykkir og skal það að mati Seðlabankans vera tryggt með nægjanlega góðum veðum, veita nægan aðgang að upplýsingum um stöðu og mat undirliggjandi trygginga á hverjum tíma, veita fullnægjandi réttarvernd og vera að öðru leyti nægjanleg trygging að mati bankans.

Seðlabankinn getur, við ákvörðun um viðskipti, vikið frá öllum skilyrðum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sem og 3. mgr. 11. gr.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 46. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, taka gildi 21. apríl 2020. Breytingarnar voru teknar fyrir þann 2. apríl 2020 af peningastefnunefnd og fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands.

*Seðlabanka Íslands, 17. apríl 2020.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Sturla Pálsson**  
framkvæmdastjóri.